



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Reykjabúið ehf.

Alifuglarækt <40.000 stæði

Lambhaga, F2211721
816 Ölfus

Nafn og kt. rekstraraðila: Reykjabúið ehf., kt. 5811872549
Heimilisfang: Suðurreykjum 1, 270 Mosfellsbær

Útgáfudagur: 15. júlí 2025

Gildir til: 15. júlí 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir alifuglabú Lambhaga
dags. 15. júlí 2025

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 15. júlí 2025

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri

2502008HS



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir alifuglabú, <40.000 stæði

Reykjabúið ehf.

kt. 581187 2549

Lambhaga, 816 Ölfus

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur alifuglabús í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Eldi alifugla fer fram í fimm eldishúsum í landi Lambhaga með stæði fyrir samtals 12.000 kjúklinga og 9.000 kalkúna í hverri framleiðslulotu. Framleiðslulotur kjúklinga eru 7-8 á ári en framleiðslulotur kalkúna eru 3,5 á ári. Hámarksframleiðsla á ári er 120.000 kjúklingar eða 31.500 kalkúnar. Öllum alifugli er lógað í sláтурhúsi Ísfugls í Mosfellsbæ. Lífrænn úrgangur sem til fellur á búinu er allt að 250 tonn á ári miðað við hámarkframleiðslu og er hann notaður til áburðar á tún á nærliggjandi bæjum.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykkum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.



- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Um meðferð, umhirðu og aðbúnað alifugla fer skv. reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla.

2. UMHVERFI

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágranna og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmön. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð fyrirtækisins.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, til að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki aukinni mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunarhöppum. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp



eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

- 3.3 Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins eða hlutar þess lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum við viðeigandi mengunarvarnarbúnað, sbr. gr. 3.21. Við aðkeyrsludyr að ræktunarhúsum skal vera steinsteypt eða malbikað plan með niðurföllum tengdum við rotþró.
- 3.4 Lekt malarlag sem auðvelt er að halda hreinu af gróðri, rusli og aðskotahlutum, skal vera umhverfis ræktunarhús. Grasflatir í næsta nágrenni alifuglahúsa skulu vera snöggslegnar.
- 3.5 Fóðurgeymslur, hráefnisgeymslur, sorpgeymslur og hauggeymslur skulu vera lokaðar og varðar fyrir ágangi meindýra og fugla.
- 3.6 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa og sótthreinsun eldishúsa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra þvotta- og hreinsiefna. Þvottur véla og vélahluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

Úrgangur

- 3.7 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnt skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.
- 3.8 Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgánum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.9 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.10 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum. Dýrahrað skulu geymd í lokuðum vökvaheldum ílátum þar til þau eru flutt til urðunar eða brennslu á móttökustað sem hefur til þess gilt starfsleyfi.
- 3.11 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Allan úrrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.



Meðferð efna

- 3.12 Geyma skal öll efni og efnablöndur í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.13 Hættuleg efni og efnablöndur skulu meðhöndlud af sérstakri varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.14 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.15 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfisvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

Meðferð olíu og frágangur olíugeyma

- 3.16 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.17 Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju. Olíugeymir skal búinn yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn. Jafnframt skal olíugeymir, eftir því sem við á, útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 3.18 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Hávaði

- 3.19 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Loftmengun

- 3.20 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar og/eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á lofræstingu út úr vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.

Fráveitur

- 3.21 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganeftndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olíuskilja, sandskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.



- 3.22 Fráveitu frá eldisrýmum fuglahúsa skal leiða í sér rotþró með siturlögn. Hitaveituvatn og ofanvatn skal ekki leiða í rotþró. Heimilt er að leiða slíkt vatn framhjá rotþró í siturlögn eða um jöfnunarbrunn í sérstaka dreifilögum.
- 3.23 Olíuskiljur og sandskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar- eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.24 Seyru skal tæma reglulega úr rotþróm af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. MEÐHÖNDLUN OG NÝTING LÍFRÆNS ÚRGANGS

- 4.1 Starfsleyfishafi skal gera áætlun um meðhöndlun og flokkun alls lífræns úrgangs, sem fellur til á búinu. Í áætluninni skal m.a. koma fram aðgerðir til meðhöndlunar og nýtingar á fuglaskít frá búinu, staðsetning og frágangur aðstöðu til meðhöndlunar á þeim skít sem nýta á til áburðar og það landsvæði sem dreifa á áburði á.
- 4.2 Fuglaskít skal geyma í viðurkenndri hauggeymslu sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Hauggeymsla skal vera þétt og skal ekkert frárennslí vera frá henni. Við losun hennar skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi læki eða jarðveg.
- Heilbrigðiseftirlit getur, ef aðstæður leyfa, heimilað aðra meðferð á þurrum alifuglaskít. Aðstaða til geymslu og/eða vinnslu á þurrum alifuglaskít skal vera þannig að hvorki verði útskolun næringarefna né fok og haugur varin þannig að vargfugl og meindýr komist ekki að, t.d. með vatnsheldri yfirbreiðslu.
- 4.3 Nýta skal fuglaskít eins og kostur er til áburðar á tún, í flög eða í landgræðslu jafnóðum og hann er losaður úr húsum á tímabilinu frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, þegar jarðvegur er ófrosinn og hann nýtist gróðri. Við dreifingu skal leitast við að vindátt standi af nálægri byggð. Ekki er heimilt að dreifa fuglaskít á stöðum þar sem að hann getur mengað vötn, læki, ár, eða vatnsból.
- 4.4 Heimilt er að fela þriðja aðila meðferð og/eða dreifingu áburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir starfsreglum um góða búskaparhætti sem og ákvæðum í starfsleyfisskilyrðum þessum. Framsal fyrirtækisins til þriðja aðila firrir það þó ekki ábyrgð á meðhöndlun áburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli skítinn ekki í samræmi við ofangreindar starfsreglur.
- 4.5 Ef ekki er hægt að afsetja fuglaskítinn samkvæmt ofangreindu er starfsleyfishafa skylt að losa hann á viðurkenndum förgunarstað.

5. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDIA

- 5.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:
- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
 - óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,



- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.

Fyrirtækið starfar að öðru leyti í samræmi við reglugerð um velferð alifugla.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.


- 5.2 Tilkyntna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill.

6. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDIA

- 4.6 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 4.7 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 15. júlí 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands


Sigrún Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Reykjabúið ehf.

kt. 581187 2549

Lambhaga, 816 Ölfus

**vegna alifuglaræktar <40.000 stæði í starfstöð fyrirtækisins að Lambhaga. í
Sveitarféluginu Ölfusi.**

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 31. janúar 2025 sl. umsókn Jóns Magnúsar Jónssonar, f.h. Reykjabúsins ehf., kt. 5811872549, um starfsleyfi fyrir alifuglabú <40.000 stæði að Lambhaga, 816 Ölfusi.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi vegna breyting á húsnæði og stækkunar og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs/þann dd. mm sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Umsóknin var metin fullnægjandi og í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar koma fram, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 14. febrúar sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss. Þann 9. júlí sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

3. Málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Alifuglabú af þessari stærð er ekki háð málsmeðferð skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að ofangreindau starfsleyfi fyrir á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 14. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 14. mars sl.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 243. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 18. mars sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Reykjabúsins ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.


Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 15. júlí 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri